



Sauðárkróki, 19. október 2018

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um frumvarp til laga um veiðigjald, mál 144.

Sjávarútvegur er undirstaða fjölmargra byggðarlaga þó dregið hafi úr vægi fiskveiða og vinnslu víða um land með eflingu annarra atvinnugreina. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða hefur Bygðastofnun til ráðstöfunar aflaheimildir til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og getur ráðstafað þeim heimildum með samningum við fiskvinnslur eða útgerðarfélag til allt að 6 ára í senn.

Löggjafinn hefur með þessu viðurkennt að fiskveiðar og fiskvinnsla eru mikilvægar atvinnugreinar útfrá byggðasjónarmiði og vægi þeirra í atvinnulífi einstakra byggðarlaga getur verið mjög mikið, en á meðal skilyrða fyrir Aflamarki Bygðastofnunar er að hlutfall starfa við veiðar og vinnslu í sjávarbyggðinni sé a.m.k. 20% allra starfa.

Stofnunin hefur skoðað breytingu á afkomu nokkurra sjávarútvegsfyrirtækja sem taka þátt í nýtingu Aflamarks Bygðastofnunar. Tekjur þeirra sjávarútvegsfyrirtækja lækkuðu verulega á milli árána 2016 og 2017. Það er í samræmi við tölur frá Hagstofu Íslands sem telur að útflutningsverðmæti sjávarafurða á milli árána 2016 og 2017 hafi minnkað um ríflega 15%. Líklega má yfirfæra þessar upplýsingar yfir á önnur fyrirtæki af svipaðri stærð.

Sjávarútvegsfyrirtæki standa missterkt og rekstrarskilyrði þeirra eru misjöfn. Í þeim tilvikum þar sem veiðigjald verður mjög íþyngjandi og koma jafnvel ofan á erfið rekstrarskilyrði, þurfa fyrirtækin að bregðast við og hagræða í rekstri. Í einhverjum tilvikum getur það þýtt sölu veiðiheimilda sem getur valdið miklum erfiðleikum, einkum í litlum sjávarplássum sem reiða sig að mestu á sjávarútveg. Jafnframt er það líklegt til að leiða til aukinnar samþjöppunar veiðiheimilda.



Leiða má líkur að því að of hátt veiðigjald, sérstaklega ef það er ekki í takti við afkomu greinarinnar eða einstakra tegunda, geti dregið úr sókn í ákveðna stofna og jafnvel leitt til brottkasts á einstaka tegundum.

Það er vilji löggjafans að upphæð veiðigjalds fylgi afkomu greinarinnar hverju sinni. Það markmið næst hins vegar illa þegar gögn sem ákvarðanir um upphæð veiðigjaldsins byggja á eru a.m.k. tveggja ára hverju sinni. Sérstaklega getur slík gjaldtaka verið varhugaverð þegar saman fer erfitt árferði í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og hátt veiðigjald. Stofnunin fagnar þeirri viðleitni sem kemur fram í frumvarpinu með því að færa ákvörðun/útreikning veiðigjalds nær rauntíma þ.e. að gjaldið taki betur mið af stöðu greinarinnar þegar að það er lagt á. Stofnunin bendir einnig á að hægt væri hægt að draga úr sveiflum með því að taka meðaltal afkomu t.d. þriggja ára.

Tímabundinn afsláttur af veiðigjaldi kom til móts við skuldsettar útgerðir og sama má segja um frítekjumark sem aðallega kemur minni fyrirtækjum til góða. Víða eru lítil og meðalstór fyrirtæki í sjávarútvegi burðarásar í atvinnulífi minni sjávarþorpa. Sé vilji til að koma til móts við þau væri hægt að hækka svokallað frítekjumark fyrirtækja og hlutfall afsláttar sem myndi leiða af sér að minni og meðalstórar útgerðir greiddu lægra hlutfall af aflaverðmæti í veiðigjald. Dreifing álagðs veiðigjalds á einstök fyrirtæki sýnir að sú aðgerð þyrfti ekki að rýra tekjur af veiðigjaldi svo miklu nemi fyrir ríkissjóð. Þá má velja því upp hvort að byggðatengd verkefni á borð við Aflamark Bygðastofnunar eigi að vera undanþegið veiðigjaldi.

Virðingarfyllt

Aðalsteinn Þorsteinsson  
forstjóri Bygðastofnunar